

ÁLYKTANIR FRÁ FASTANEFNDUM.....	3
Allsherjar- og menntamálanefnd	3
Ályktun um stöðu hinsegin barna og ungmenna	3
Ályktun um stöðu minjaverndar	3
Ályktun um skólamál.....	3
Ályktun um fjárhagsstöðu háskóla.....	4
Efnahags- og fjármálanefnd	4
Ályktun um opinber fjármál og samneyslu.....	4
Ályktun um gjaldtöku af umferð, stýringu umferðar og grænar lausnir í samgöngumálum.....	5
Ályktun um tekjustofna sveitarfélaga og tekjusamskipti ríkis og sveitarfélaga.....	5
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd	6
Ályktun um kjördæmaskipan og vægi atkvæða.....	6
Ályktun um stjórnarskrá	6
Umhverfis- og samgöngunefnd.....	7
Ályktun um kolefnisjöfnun og mólendi	7
Ályktun um loftgæði í þéttbýli	7
Ályktun um orkuskipti fiskimjölsverksmiðja	7
Ályktun um votlendi á áratugi vistkerfa	7
Utanríkismálanefnd	8
Ályktun um fjarstýrð og sjálfstýrð vopn	8
Ályktun um rétt fólks til heilnæms umhverfis	8
Ályktun um réttindi kvenna á alþjóðavísu.....	8
ÁLYKTANIR FRÁ FÉLÖGUM.....	9
Ályktun um botndregin veiðarfæri	9
Ályktun um fiskveiðistjórnunarkerfið.....	9
Ályktun um strandveiðar	9
Ályktun um niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu	10
Ályktun um sálfræði- og greiningarþjónustu fyrir börn og unglunga.....	10
Ályktun um málefni höfuðborgar Íslands.....	10
Ályktun um almenningssamgöngur með strætó	11
Ályktun um lengingu fæðingarorlofs.....	11
Ályktun um ungmennahús	11
Ályktun um útlendingamál	13
Ályktun um vindorkuvirkjanir	14
Ályktun um mat á samfélagsáhrifum virkjana í byggð við Þjórsá	14

DRÖG TIL UMRÆÐU Á LANDSFUNDI

Ályktun um svæði sem skal vernda.....	15
Ályktun um ályktanir	15
Ályktun um Palestínu	15
Ályktun um svæðisborgina Akureyri	16
Stjórn málaályktun landsfundar	16

DRÖG TIL UMRÆÐU Á LANDSFUNDI

ÁLYKTANIR FRÁ FASTANEFNDUM

Allsherjar- og menntamálanefnd

Ályktun um stöðu hinsegin barna og ungmenna

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu hinsegin barna og ungmenna. Staða þeirra er grafalvarleg þar sem þessi hópur sætir aðkasti, ofbeldi og áreiti í samfélaginu. Heilbrigðisþjónustu fyrir þennan hópur er verulega ábótavant þar sem sálfræðiþjónusta er ekki tryggð og transteymi Landspítalans er undirfjármagnað. Mikilvægt er að tryggja það að hinsegin börn og ungmenni upplifi öryggi í samfélaginu, hvort sem er í skóla eða frístundastarfi. Lykilatriði aukinnar fræðslu er að tryggja fjármagn og stuðning til hennar. Tryggja þarf að þessi hópur njóti nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu, sálfræðiþjónustu og búi við öryggi í samfélaginu.

Ofbeldi og aðkast í garð hinsegin barna og ungmenna er samfélagslegt mein sem okkur ber að uppræta og skal aldrei líðast.

Ályktun um stöðu minjaverndar

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 vill standa vörð um minjavernd í landinu til framtíðar. Þar gegnir Minjastofnun Íslands sem fag- og stjórnsýslustofnun málaflokksins lykilhlutverki. Hlutverk stofnunarinnar er varðveisla og eftirlit með öllum menningarminjum; fornleifum, húsum og mannvirkjum auk þess sem hún hefur það hlutverk að veita leyfi til rannsókna auk þess að hafa eftirlit og leiðbeiningaskyldu í málefnum menningarminja. Stofnunin er lögboðinn umsagnaraðili við mat á umhverfisáhrifum, í skipulagsmálum og öðrum framkvæmdarmálum. Stofnunin hefur einnig það hlutverk að úthluta úr fornminja- og húsafriðunarsjóði að fengnum umsögnum fagnefnda og annast umsýslu þeirra.

Mikilvægt er að styðja og styrkja sjálfstæða stofnun minjaverndar líkt og gert er hjá öðrum viðmiðunarþjóðum okkar. Sögubjóðin Ísland á mikil sóknarfæri í að styðja við málaflokkinn og miðla áfram menningararfi sínum með margvíslegum hætti bæði til innlendra og erlendra gesta.

Ályktun um skólamál

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 lýsir yfir þungum áhyggjum af starfsaðstæðum í grunnskólum landsins. Víða hefur skólahúsnæði verið lokað vegna myglu og annarra vandamála og mikið álag er í grunnskólum vegna undirmönnunar. Hana má rekja til fárra útskrifaðra kennara og takmarkaðs aðgengis að sérfræðiþjónustu. Skortur á sérfræðiþjónustu veldur því að verkefni kennara aukast með tilheyrandi álagi á þá og annað starfsfólk skóla svo ekki sé minnst á nemendurna sjálfa. Erfiðar starfsaðstæður valda langtímaveikindum kennara og annars starfsfólks, starfsmannavelta er ör og þróun í kennsluháttum verður hægari en ella. Þessir þættir hafa jafnframt neikvæð áhrif á vellíðan og gæði námsumhverfis barna.

38 Dæmi eru um að sveitarfélög séu upp á fyrirtæki og einstaklinga í samfélaginu komin um
39 kennslugögn og endurnýjun búnaðar sem veldur miklum aðstöðumun.

40 Það óforsvaranlegt að nemendur, kennarar og annað starfsfólk sitji ekki við sama borð þegar
41 kemur að eina skyldunáminu á Íslandi. Ríki og sveitarfélög verða að beita sér fyrir því að jafna
42 aðstöðuna og gera starfsaðstæður betri með því að hlúa enn frekar að fjölbreyttum
43 fagstéttum skólanna, bæði með auknu námsframboði og fjármagni til rekstrar og
44 framkvæmda. Jöfnunarsjóður er mikilvægt tæki til jöfnunar á aðstöðumun og þess að tryggja
45 jafnræði barna um allt land og skapa þeim námsumhverfi við hæfi. Þörf er á að endurskoða
46 úthlutanir Jöfnunarsjóðs svo hann uppfylli hlutverk sitt að þessu leyti.

47 **Ályktun um fjárhagsstöðu háskóla**

48 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 telur
49 fjárhagsstöðu háskólanna á Íslandi vera mikið áhyggjuefni. Háskólar á Íslandi njóta mun
50 minni fjárveitinga á hvern nemanda en háskólar á Norðurlöndum þó að lengi hafi það verið
51 yfirlýst stefna stjórnvalda að efla rekstur þeirra. Eins og staðan er nú eru fjárveitingar ónógar,
52 hvort sem er til rannsókna eða kennslu.

53 Vinstrihreyfingin - grænt framboð fagnar stórauðnum stuðningi á síðustu árum við opinbera
54 rannsókna- og nýsköpunarsjóði og við atvinnulífið á því sviði. Mikilvægt er að gleyma hins
55 vegar ekki háskólunum sem eru undirstaða þekkingarsamfélagsins sem við lifum í.
56 Rekstrarhluta háskólanna verður að tryggja og Vinstrihreyfingin - grænt framboð lýsir
57 áhyggjum af samdrætti í fjárveitingum til háskólanna sem mun skila sér í niðurskurði í
58 háskólakerfinu. Hann verður ekki leystur með auknum álögum á nemendur en landsfundur
59 ítrekar mikilvægi þess að tryggja jafnt aðgengi að háskólanámi óháð búsetu, efnahag og
60 öðrum þáttum.

61 **Efnahags- og fjármálanefnd**

62 **Ályktun um opinber fjármál og samneyslu**

63 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 leggur
64 áherslu á að traust afkoma hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, er óaðskiljanlegur hluti
65 af farsælum rekstri velferðarsamfélagsins og öflugri samneyslu. Fullnægjandi og traustir
66 tekjustofnar eru forsenda fyrir sjálfbærum opinberum fjármálum og því ber að gjalda varhug
67 við öllum hugmyndum um að veikja tekjugrunn hins opinbera. Áhrif heimsfaraldurs
68 kórónaveiru, stríðið í Úkraínu og afleiddir erfiðleikar á heimsvísu svo sem mikil verðbólga,
69 marka efnahagsaðstæður um þessar mundir jafnt á Íslandi sem annars staðar. Hér er staðan
70 sú að heildartekjur A-hluta ríkissjóðs verða á þessu ári og voru á hinu síðasta undir 29% af
71 vergri landsframleiðslu (VLF) en meðaltal áranna 2010 - 2019 var 32%. Sé litið til hins
72 opinbera í heild blasir svipuð mynd við. Heildartekjur ríkis og sveitarfélaga voru að meðaltali
73 44% af VLF á árunum 2010 - 2019 en voru 40,5% á árinu 2021 og er það lægsta hlutfall í yfir
74 20 ár. Þrátt fyrir að ekki verði ráðið við áhrif heimsatburða er nauðsynlegt að líta til
75 framtíðar og horfast raunsætt í augu við að til að tryggja sjálfbærni opinberra fjármála,
76 áframhaldandi uppbyggingu og traustan rekstur íslensks velferðarsamfélags, þarf hlutfall

77 tekna hins opinbera af verðmætasköpun þjóðarbúsins að vera að lágmarki á svipuðum
78 slóðum og það hefur að meðaltali verið sl. 15 - 20 ár.

79 Færa má fyrir því gild efnahagsleg og hagstjórnarleg rök að við núverandi aðstæður mikillar
80 spennu og verðbólgu í hagkerfinu sé rétt að sæta lagi og styrkja afkomu hins opinbera. Vísar
81 fundurinn í almennar áherslur hreyfingarinnar í skattamálum í því sambandi. Einnig hvetur
82 fundurinn stjórnvöld til að leggja lið alþjóðlegri viðleitni til að koma böndum á fyrirtæki á
83 heimsvísu sem koma sér hjá skattgreiðslum, m.a. með flóknu neti aflandsfélaga í
84 skattaskjólum.

85 **Ályktun um gjaldtöku af umferð, stýringu umferðar og grænar lausnir í** 86 **samgöngumálum**

87 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 áréttar
88 nauðsyn þess að móta heildstæða stefnu til framtíðar um gjaldtöku af umferð sem taki mið
89 af breyttum aðstæðum og óumflýjanlegum, fullum orkuskiptum í samgöngum. Fundurinn
90 telur eðlilegast að notendagjöld, þ.e. eknir kílómetrar að teknu tilliti til gerðar ökutækja og
91 hvar og hvenær þeim er ekið o.s.frv. leysi af hólmi hverfandi tekjustofna í formi bensín- og
92 olíugjalda.

93 Staðbundin gjaldtaka í þágu byggingar einstakra kostnaðarsamra mannvirkja, sem og
94 svæðisbundin gjaldtaka til þess að stýra umferð og efla almenningsamgöngur, þarf ásamt
95 hinni almennu gjaldtöku að mynda saman heildstætt kerfi. Fundurinn telur eðlilegt að sú
96 umferð sem nýtur góðs af stökum dýrum mannvirkjum sem fjármögnuð eru með
97 staðbundinni viðbótargjaldtöku greiði áfram lágt gjald sem dugi til viðhalds og rekstrar eftir
98 að stofnkostnaður hefur verið greiddur eins og er vel þekkt í nágrannalöndunum.

99 Fundurinn minnir á mikilvægi þess að umhverfis- og samfélagshagsmunir séu ávallt hafðir að
100 leiðarljósi við stefnumótun og ákvarðanatöku í samgöngumálum ekki síður en hefðbundnir
101 umferðar-, byggða- og atvinnuhagsmunir. Sama gildir um að réttur þeirra sem vilja lifa
102 bíllausum lífsstíl sé tryggður með öflugum almenningsamgöngum og áframhaldandi
103 uppbyggingu í þágu fjölbreyttra, virkra ferðamáta.

104 **Ályktun um tekjustofna sveitarfélaga og tekjusamskipti ríkis og sveitarfélaga**

105 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 minnir á
106 að margvísleg nærþjónusta sveitarfélaganna, svo sem leik- og grunnskóli, þjónusta við fatlað
107 fólk, almenn félagsþjónusta, húsnæðisstuðningur o.s.frv. eru undirstöðuverkefni í
108 velferðarsamfélaginu. Tekjur sveitarfélaganna og afkoma þurfa að endurspegla þennan
109 veruleika. Tekjustofnar sveitarfélaga þurfa að vera breiðir, stöðugir og sem minnst háðir
110 hagsveiflum. Þá eiginleika hefur útsvarið eins og það er útfært í uppgjöri ríkis og sveitarfélaga
111 innan tekjuskattsins. Tilfærsla úr tekjuskatti yfir í útsvar, eins og átti sér stað með nýlegu
112 samkomulagi þar sem 5 milljarðar króna voru færðir yfir til sveitarfélaganna vegna málefna
113 fatlaðra er því rökrétt aðferð til að bæta afkomu sveitarfélaganna. Fundurinn lýsir ánægju
114 sinni með þá niðurstöðu.

115 Fundurinn leggur áherslu á að hraðað verði skattalegum ráðstöfunum til að tryggja að þeir
116 sem fyrst og fremst eða jafnvel eingöngu telja fram fjármagnstekjur greiði eftir sem áður
117 með eðlilegum hætti til síns nærsamfélags. Nærtækast er að slíkum aðilum sé gert að reikna
118 sér endurgjald þannig að þeir greiði að minnsta kosti eðlilegt útsvar til síns sveitarfélags. Þá
119 þarf að stöðva það að eigendur einkahlutafélaga greiði eingöngu fjármagnstekjuskatt en
120 engan tekjuskatt og taki þannig til sín óhóflegar arðgreiðslur, duldar launatekjur, sem ættu
121 annars að renna til samfélagsins í formi útsvarsgreiðslna. Leiðrétting á þessu hvoru tveggja er
122 brýnt hagsmunamál sveitarfélaganna og augljóst sanngirnismál.

123 Landsfundur VG áréttar mikilvægi þess að bæta og formbinda betur fjármálaleg samskipti
124 ríkis og sveitarfélaga. Koma þarf samskiptunum í fast mótaðan farveg árlegra viðræna eða á
125 formlegan, lögbundin samráðsvettvang eins og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Þá leggur
126 fundurinn áherslu á að kostnaðarmati nýrra laga og reglna þurfa að fylgja samsvarandi
127 tekjulegar ráðstafanir og farvegur til að útkljá vafaatriði sem upp kunna að koma þessu
128 tengd. Án slíks missir kostnaðarmatið marks og þjónar takmörkuðum tilgangi sem slíkt.

129 Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

130 **Ályktun um kjördæmaskipan og vægi atkvæða**

131 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 telur að
132 endurskoða þurfi kjördæmaskipan með það að markmiði að jafna vægi atkvæða og tryggja
133 að hagsmunum ólíkra landsvæða sé gætt. Kosningakerfið megi ekki hygla stórum
134 stjórnsmálhreyfingum á kostnað þeirra sem minni eru.

135 **Ályktun um stjórnarskrá**

136 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 ítrekar
137 mikilvægi þess að stjórnarskrá sé endurskoðuð og byggt verði á mikilli vinnu undanfarinna
138 ára og áratuga. Fundurinn áréttar sérstaklega mikilvægi þess að stjórnarskráin fjalli um
139 auðlindir og umhverfisvernd. Í þeim nýju ákvæðum þarf að tryggja eignarhald þjóðarinnar á
140 auðlindum og að nýtingu þeirra sé ekki hægt að framselja varanlega.

141 Úthlutun nýtingarréttar fari fram með gagnsæjum hætti, jafnræðis sé gætt og sanngjarnt
142 gjald sé tekið fyrir nýtingu í hagnaðarskyni. Öll nýting auðlinda skal vera sjálfbær.

143 Þá er grundvallaratriði að fjalla um vernd náttúru, óbyggðra víðerna og umhverfis í
144 stjórnarskrá, þar sé byggt á varúðar- og langtímasjónarmiðum, fjallað verði um fjölbreytni
145 náttúrunnar og vöxt og viðgang lífríkis. Almennaréttinn á að tryggja í stjórnarskrá.

146 Þá er tímabært að endurskoða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og fjalla þar meðal
147 annars um mannréttindi á tímum loftslagsbreytinga og hraðrar tækniþróunar. Sérstaklega
148 þarf að kveða á um réttinn til heilnæms umhverfis.

149

Umhverfis- og samgöngunefnd

Ályktun um kolefnisjöfnun og mólendi

151 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 minnir á
152 að íslensk vistkerfi og náttúra eru stórbrotin en afar viðkvæm fyrir hvers konar raski. Eitt
153 þeirra vistkerfa sem á undir högg að sækja er mólendi en það þykir einstakt á heimsvísu og er
154 mikilvægt búsvæði ýmissa lífvera. Mólendi þarfnast athygli og verndar fyrir ásækni og raski af
155 mannavöldum.

156 Verðmætamat þarf að liggja fyrir á vistkerfum áður en til breyttrar nýtingar þeirra koma.
157 Mikilvægi kolefnisjöfnunar má ekki vera á kostnað verðmætra vistkerfa á borð við mólendi.
158 Heildstætt mat þarf að eiga sér stað áður en aðgerðir kolefnisjöfnunar fara fram, eins og t.d.
159 binding með skógrækt, svo varanlegt tap verði ekki á einstökum vistgerðum íslenskrar
160 náttúru.

Ályktun um loftgæði í þéttbýli

162 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 krefst
163 þess að sveitarstjórnir og stofnanir ríkisins vinni markvisst að því að bæta loftgæði íbúa með
164 virkum aðgerðum. Loftmengun hefur neikvæð áhrif á heilsu almennings og ekki hefur tekist
165 að tryggja góð loftgæði í þéttbýli eins og reglugerðir kveða á um.

166 Núgildandi reglugerðir um viðmiðunar- og heilsuverndarmörk eiga að stuðla að góðum
167 loftgæðum fyrir almenning og yfirvöld þurfa að geta brugðist hratt og örugglega við svo
168 tryggja meg bestu loftgæði á hverjum tíma.

169 Þá hvetur fundurinn stjórnvöld til þess að tryggja að nægar heimildir séu í lögum og reglum
170 svo ávallt séu góð loftgæði í þéttbýli eins og viðmið kveða á um.

Ályktun um orkuskipti fiskimjölsverksmiðja

172 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 hvetur
173 orkufyrirtæki í almannaeigu til að tryggja afhendingu á raforku til fiskimjölsverksmiðja
174 landsins og að verð á henni verði ekki óhagstæðara en verð á olíu. Þótt bræðslurnar teljist
175 ekki til stórnotenda er mikilvægt að vinna að því að hætta með öllu olíubrennslu í
176 fiskimjölsframleiðslu hér á landi með tilheyrandi losun koltvísýrings.

Ályktun um votlendi á áratugi vistkerfa

178 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 áréttar
179 mikilvægi þess að endurheimta vistkerfi. Votlendi er mikilvægt vistkerfi meðal annars vegna
180 líffræðilegrar fjölbreytni og til kolefnisbindingar í jarðvegi. Í upphafi tuttugustu aldar hefur
181 stórum hluta votlendis á láglendi verið raskað eða það eyðilagt. Núgildandi
182 náttúruverndarlög duga ekki til að varðveita það og endurheimta og enn er sótt að
183 vistgerðinni. Endurheimt upprunalegrar grunnvatnstöðu í mýrum og flóum er áhrifarík og
184 varanleg aðgerð í kolefnisbindingu og minnkun á losun koltvísýrings.

185 Tryggja þarf land til endurheimtar, bæði þjóðlendur og jarðir í eigu hins opinbera þar sem
186 hefðbundinn búskapur hefur lagst af og endurheimt skal vera undir gæðaeftirliti
187 Landgræðslunnar. Eins þarf að gera sveitarfélögum grein fyrir ábyrgð þeirra í þessum
188 málaflokki.

189 Til fyrirmyndar væri ef fólk og fyrirtæki sem velja að kaupa vottaðar kolefniseiningar geti
190 fylgst með því í hvað fjármunir þeirra fara.

191

Utanríkismálanefnd

Ályktun um fjarstýrð og sjálfstýrð vopn

193 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 telur
194 brýnt að stöðva þá hættulegu þróun sem orðið hefur í stríðsátökum að beita fjarstýrðum
195 drápstækjum og sjálfstýrðum vígvélum í vaxandi mæli. Stefna ber að alþjóðlegu banni á
196 vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hjá öðrum viðeigandi stofnunum á framleiðslu og beitingu
197 þeirra.

Ályktun um rétt fólks til heilnæms umhverfis

199 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 fagnar því
200 að leiðtogafundur Evrópuráðsins verði haldinn Reykjavík í maí nk. Mikilvægt er að á þeim
201 fundi verði réttur fólks til heilnæms umhverfis og ósnortinnar náttúru staðfestur í bindandi
202 samkomulagi og skilgreindur sem mannréttindi á alþjóðlega vísu.

Ályktun um réttindi kvenna á alþjóðavísu

204 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 hvarmar að
205 staða kvenna á alþjóðavísu hafi versnað bæði vegna heimsfaraldurs og stríðsátaka. Mikilvægt
206 er að halda á loft gildum kvenfrelsis og félagslegs réttlætis í öllu alþjóðasamstarfi og snúa við
207 þeirri þróun að réttindi kvenna séu fótum troðin í krafti hernaðar og trúarofstækis.

ÁLYKTANIR FRÁ FÉLÖGUM

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38

Ályktun um botndregin veiðarfæri

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 telur mikilvægt að rannsóknir fari fram á umhverfisáhrifum botndreginna veiðarfæra á hafsvæðið í kringum Ísland ásamt rannsóknum á nýtingu þangs og þara og áhrifum ólíkra veiðarfæra á nýtingu sjávarauðlindarinnar og hafsbotninn innan fiskveiðilandhelgi Ísland.

Landsfundurinn ályktar að ekki verði leyft að auka enn frekari veiðar togskipa með auknu vélarafli og öflugum botndregnum veiðarfærum innan viðkvæms botnvistkerfis á grunnslóð. Veiðar og notkun veiðarfæra verði byggðar á rannsóknum með áherslu á verndun uppeldisstöðva fiskistofna og lífríkis sjávar í efnahagslögsögu Íslands.

Landsfundurinn ítrekar mikilvægi alþjóðlegra skuldbindingar Íslands frá COP15-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Montréal árið 2022 um friðun allt að 30% hafsvæða heims. Mikilvægt er að tryggja fjármuni í að rannsaka enn frekar lífríki sjávar og byggja alla nýtingu sjávarauðlindarinnar á rannsóknum og sjálfbærni.

Stjórn Svæðisfélags VG á Vestfjörðum, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson, Einar Helgason, Patreksfirði og Ólafur Halldórsson, Skagaströnd

Ályktun um fiskveiðistjórnunarkerfið

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 telur mikilvægt að félagslegi hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins, þ.e. sá hluti sem er í dag fyrir utan aflamarkskerfið, verði ekki settur í aflamark með framsali heldur verði veiðum stjórnað með öðrum hætti og byggi á umhverfislegum, efnahagslegum og samfélagslegum stoðum og þar með verði spornað við enn frekari samþjöppun veiðiheimilda.

Stjórn Svæðisfélags VG á Vestfjörðum, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson, Einar Helgason, Patreksfirði, Ólafur Halldórsson, Skagaströnd og Helgi Hlynur Ásgrímsson, Borgarfirði eystri

Ályktun um strandveiðar

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 leggur áherslu á mikilvægi strandveiða og eflingu þeirra. Landsfundurinn leggur áherslu á að aflaheimildir í 5,3% hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins verði auknar í áföngum í 8-10%. Landsfundurinn vill einnig tryggja þann sveigjanleika innan kerfisins að ráðherra sé heimilt að flytja aflaheimildir til þess að tryggja ávallt 48 daga til strandveiða ár hvert. Mikil óvissa ríkir ár hvert meðal sjómanna um aflaheimildir, sú óvissa kemur í veg fyrir það að smábátasjómenn geti treyst á kerfið og sinnt strandveiðum sem öruggri atvinnugrein. Því telur landsfundurinn að einfalda þurfi kerfið til þess að það sé fyrirsjáanlegt.

Með handfæraveiðum er minna álag á fiskistofna og lífríki sjávar. Veiðarnar eru stundaðar með rafknúnum handfærarúllum og bátarnir eyða litlu eldsneyti í dagróðrum. Mikil tækifæri eru til orkuskipta með raf- eða rafeldsneytisvæðingu innan smábátaflotans sökum stærðar bátanna.

39 Landsfundurinn áréttar þá stefnu Vinstri grænna að festa þurfi strandveiðar enn betur í sessi
40 og auka svigrúm til félags- og byggðaráðstafana.

41 *Framkvæmdastjórn UVG*

42 **Ályktun um niðurgreiðslu sálfræðipjónustu**

43 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 leggur
44 áherslu á að sálfræðipjónusta sé niðurgreidd og hún sé lögð að jöfnu við aðra
45 heilbrigðisþjónustu. Gríðarlegur fjöldi fólks glímir við mjög alvarlega andlega sjúkdóma eins
46 og t.d. kvíða og þunglyndi. Afleiðingar þeirra geta m.a. leitt til sjálfsvígshugsana og sjálfsvígs.
47 Þó niðurgreiðsla kunni að vera kostnaðarsöm aðgerð þá verður hún aldrei dýrari en missirinn
48 af öllum þeim sem hafa fallið fyrir eigin hendi. Þegar öllu er á botninn hvolft mun
49 niðurgreiðsla sálfræðipjónustu auka andlega heilsu og líðan til muna og þar með auka
50 lífsgæði landsmanna. Niðurgreiðsla á sálfræðipjónustu er því jafn sjálfsgöð og niðurgreiðsla
51 annarrar heilbrigðisþjónustu og grundvallarréttur fólks í velferðarsamfélagi.

52 *Framkvæmdastjórn UVG*

53 **Ályktun um sálfræði- og greiningarþjónustu fyrir börn og unglunga**

54 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 leggur
55 áherslu á mikilvægi öflugrar sálfræði- og greiningarþjónustu fyrir börn og unglunga. Þessi
56 þjónusta við börn og unglunga hefur alltof lengi verið vanfjármögnuð. Biðtími eftir
57 greiningum eins og ADHD og einhverfu er þrjú ár og dæmi eru um jafnvel enn lengri biðtíma.
58 Hefur þetta orðið til þess að auka enn frekar á vanlíðan þeirra sem bíða og orsakað skóla- og
59 félagsforðun sem og viðbótarraskanir eins og kvíða-, áfallastreituraskanar eða þunglyndi. Það
60 er því afar brýnt að bæta þessa þjónustu og greiningarferlið verulega með því að auka
61 fjármagn til málaflöksins, bæta aðgengi að þjálfun og kennslu fyrir börn og unglunga með
62 greiningar og aðstandendur þeirra og veita greiningar- og meðferðarábyrgð.

63 *Framkvæmdastjórn UVG*

64 **Ályktun um málefni höfuðborgar Íslands**

65 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 áréttar að
66 eins og önnur sveitarfélög í landinu stendur Reykjavík frammi fyrir stórum áskorunum. Kröfur
67 íbúanna um bættu og betri þjónustu aukast sífelld á meðan fjármagn er af skornum skammti.
68 Ráðast þarf í umfangsmiklar framkvæmdir og fjárfestingar á næstu árum m.a. til að stemma
69 stígu við loftslagsbreytingum og á sama tíma þarf Reykjavíkurborg að innleiða aukið
70 félagslegt réttlæti á húsnæðimarkaði og bæta kjör fólks. Komandi verkefni kalla á
71 útsjónarsemi og nýja forgangsröðun og standa þarf vörð gegn áformum um einkavæðingu og
72 sölu innviða í borginni sem og útvistun á samfélagslegum rekstri sem sífelld skýtur upp
73 kollinum.

74 Vinstrihreyfingin - grænt framboð er sem endranær leiðandi afl í íslenskum stjórnmálum
75 þegar kemur að umhverfismálum. Í borginni þarf að takast á við loftslagsmálin hraða
76 innleiðingu hringrásarhagkerfisins m.a. með því að flýta fyrir innleiðingu aukinnar flokkunar,
77 byggja upp öflugar almenningssamgöngur og miða allt skipulag að því að innlima náttúru og
78 fegurð og vernda lífbreytileika. Samhliða stórtækum breytingum sem fram undan eru með

79 tilkomu Borgarlínu og uppbyggingu húsnæðis meðfram henni þá þarf að gæta þess að ekki sé
80 gengið á náttúrugæðin í Reykjavík.

81 Eins setja Vinstri græn í Reykjavík mennta- og velferðarmálin í öndvegi. Það þarf að halda
82 áfram að bæta stofnanir og húsnæði borgarinnar í þágu menntunar og velferðarþjónustu og
83 það á að vera grunnskilyrði að gera menntun endurgjaldslaus. Efnahagur má heldur ekki
84 standa í vegi fyrir því að börn njóti tólmstunda, s.s. með íþróttaiðkun og þátttöku í listum og
85 ein leið til þess gæti verið efling skólahljómsveita borgarinnar.

86 Reykjavíkurborg á að bera með sóma titilinn höfuðborg Íslands og því á borgarstjórn að
87 leggja allt sitt kapp á að búa til borg á heimsmaelikvarða í mennsku og náttúruvernd.

88 *Stjórn VG í Reykjavík og Borgarstjórnarflokkur Vinstri grænna*

89 **Ályktun um almenningssamgöngur með strætó**

90 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 hvetur
91 Alþingi að festa í sessi með lögum almenningssamgöngur með strætó sem grunnþjónustu og
92 hluti af grunneti samgangna á Íslandi. Skal það gert innan höfuðborgarsvæðisins sem og
93 innan annarra þéttbýliskjarna; milli þéttbýliskjarna og til og frá Keflavíkurflugvelli og annarra
94 lykilsamgöngumiðstöðva landsins. Það felur jafnframt í sér að festa í sessi viðmið fyrir
95 hágæða almenningssamgöngur, þ.e. tíðni ferða og aðbúnað innviða, biðstöðva sem
96 aðgengilegar eru öllum og festa lykilstofnleiðir í sessi sem hluti af grunneti samgangna á
97 Íslandi.

98 *Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi VG*

99 **Ályktun um lengingu fæðingarorlofs**

100 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 hvetur til
101 þess að fæðingarorlofið verði lengt í tvö ár. Það er réttur hvers barns að njóta samvista við
102 foreldra sína fyrstu tvö mikilvægustu árin í lífi þess. Rannsóknir sýna að á þessum fyrstu árum
103 er lagður afar mikilvægur grunnur að tengslamyndun sem tryggir alhliða þroska barna og
104 velferð þeirra til framtíðar. Lenging fæðingarorlofsins yrði því mikilvægur liður í að efla
105 fjölskylduna sem grunnstoð í samfélaginu og gera foreldrum kleift að njóta og taka þátt í
106 þessum mikilvæga þroskatíma barna sinna. Þá yrði þetta öflug aðgerð til jöfnuðar og
107 mikilvæg stuðningsaðgerð ríkis til sveitarfélaganna sem ráða ekki við að mæta þörfum
108 fjölskyldna að fæðingarorlofi loknu eins og staðan er í dag. Með þessu gætu sveitarfélög
109 einbeitt sé að því að hlúa að starfsemi leikskóla fyrir 2 til 6 ára börn og eftt enn frekar
110 uppeldis-, náms- og starfsumhverfi barna og starfsfólks.

111 *Svæðisfélag VG á Suðurnesjum*

112 **Ályktun um ungmennahús**

113 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 skorar á
114 Alþingi að treysta í sessi starfsemi ungmennahúsa fyrir fólk á aldrinum 16 til 25 ára með því
115 að gera hana að lögbundnu hlutverki sveitarfélaga og tryggja jafnframt fjármagn til reksturs
116 þessa mikilvæga verkefnis.

117 *Sveitarstjórnarráð VG*

118 *Greinargerð: Ungmennahús sinna skipulögðu félagsstarfi fyrir ungmenni á aldrinum 16 til 25*
 119 *ára. Þjóna þau þeim tilgangi að veita ungmennum öruggt félagslíf undir leiðsögn fagaðila og*
 120 *hafa þau mikið fræðslu og forvarnargildi fyrir ungmennin. Ungmennahús eiga það öll*
 121 *sameiginlegt að þar fer fram skipulagt tómstunda- og forvarnarstarf fyrir ungmenni. Þannig*
 122 *falla ungmennahús undir skipulagt starf sem á þátt í að stuðla að farsæld barna eins og*
 123 *greint er á um í 2. grein í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.*
 124 *Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þarf að virða rétt allra barna 18 ára og yngri*
 125 *til tómstunda. Mikilvægt er að öllum séu veitt jöfn tækifæri til þátttöku í menningarlífi, listum*
 126 *og tómstundaiðju (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1989).*

127 *Hér á landi starfa ungmennahús fyrir aldurshópin 16 ára og eldri en mjög mismunandi er*
 128 *hver efri aldursmörk markhópsins eru, sum miða við 16 til 18 ára, önnur 16 til 25 ára á meðan*
 129 *enn önnur skilgreina sig þannig að þar sé unnið með ungmennum sem eru 16 ára og eldri.*
 130 *Erfitt að segja til um hversu mörg ungmennahús eru á Íslandi en í Samfés, samtökum*
 131 *félagsmiðstöðva á Íslandi, eru 16 ungmennahús með aðild. Starfsemi ungmennahúsa á*
 132 *Íslandi byggir að miklu leyti á hugmyndafræði félagsmiðstöðva en er þó ólík að því leyti að*
 133 *markhópur ungmennahúsa er eldri og áhugamál og þarfir aðrar. Í ungmennahúsum byggja*
 134 *þátttakendur oft á reynslu sinni úr félagsmiðstöðinni, geta axlað meiri ábyrgð og haft enn*
 135 *meira frumkvæði að verkefnum.*

136 *Hugmyndafræði ungmennahúsa byggir að miklu leyti á virkri þátttöku, reynslunámi og*
 137 *valdeflingu ungs fólks. Húsin hafa líkt og annað skipulagt tómstundastarf þrjúþætt*
 138 *uppeldisgildi, þ.e. forvarnargildi, menntunargildi og afþreyingargildi (Skóla- og frístundasvið*
 139 *Reykjavíkurborgar, 2015).*

140 *Markmið ungmennahúsa er:*

- 141 ● *Að vera vettvangur fyrir menningarlega viðburði og grósku þar sem ungt fólk getur*
 142 *bæði nýtt sér þá aðstöðu sem í boði er til listsköpunar og komið sér á framfæri, hvort*
 143 *sem um ræðir sjónlist, tónlist eða ritlist.*
- 144 ● *Að bjóða ungu fólki upp á jákvætt félagslegt umhverfi.*
- 145 ● *Að vera ungu fólki innan handar með hvað varðar þeirra málefni, atvinnu og réttindi,*
 146 *bjóða upp á fjölbreytt námskeið og félagsstarf.*
- 147 ● *Að bjóða ungu fólki upp á öruggt rými, til að kynnast öðru fólki, þróa sig áfram sem*
 148 *persónur, hvíla sig, skapa, eða hvað sem er sem þeim sjálfum dettur í hug.*

149 *Ungmennahús eru ekki rekin af sömu aðilum og standa fyrir skólastarfi aldurshópsins sem*
 150 *sækir starfið og samstarf ungmennahúsa og framhaldsskóla er mun minna en samstarf*
 151 *félagsmiðstöðva og grunnskóla. Eftir að grunnskóla lýkur fara ekki allir í framhaldsskóla,*
 152 *sumir hætta í námi og fara á vinnumarkaðinn. Engu að síður eru félagslegar þarfir þeirra til*
 153 *staðar sem ungt fólk á vinnumarkaði hefur ekki aðgang að heldur blasir við heimur fullorðna*
 154 *fólksins. Þá hefur ungt fólk á vinnumarkaði ekki greiðan aðgang að ráðgjöfum líkt og*
 155 *nemendur í framhaldsskólum gera. Þar koma ungmennahús sterk inn.*

156 *Menning ungs fólks á aldrinum 16 til 25 ára er einnig mjög ólík menningu 13 til 16 ára*
 157 *unglinga að því leyti að mun hærra hlutfall af 16 til 25 ára ungmennum neytir áfengis og*
 158 *annarra vímuegja. Samkvæmt könnun Rannsóknar og greiningar frá árinu 2013 höfðu 45%*
 159 *allra framhaldsskólanema verið ölvæðir einu sinni eða oftar 30 dögum áður en að þeir*
 160 *svöruðu spurningalistum. Niðurstöður könnunarinnar sýndu einnig að 31% 16 og 17 ára*
 161 *ungmenna í framhaldsskólum höfðu orðið ölvæð sýðastliðna 30 daga. Aðeins 5% nemenda í*

162 10. bekk höfðu orðið ölvuð á sama tímabili. Þessi mikla breyting á milli eins árgangs má
 163 hugsanlega skýra með því að áfengisneysla hefur í gegnum árin verið samofin félagslífi
 164 framhaldsskólanna og ekki er unnið jafn markvisst að forvörnum í félagsstarfi þeirra eins og
 165 gert er í félagsmiðstöðvum grunnskólanna. Einnig byrjar fólk að fikra sig áfram í
 166 ástarsamböndum á þessum aldri og stunda kynlíf. Mikilvægt er að ungt fólk hafi aðgengi að
 167 starfsfólki ungmennahúsa til að geta leitað ráða og speglað samskipti sín í ástar- og
 168 vinasamböndum ef þörf þykir á og leitað til fagaðila eftir dýpri aðstoð.

169 Jafnframt hefur komið í ljós þegar samfélagsleg áföll verða þá hafi ungmennahús reynst
 170 virkilega vel, líkt og í efnahagshruninu 2008 og því atvinnuleysi ungs fólks sem fylgdi í
 171 kjölfarið, og nú síðast Covid-19 faraldrinum. Þá jók t.a.m. ungmennahúsið Hamarinn í
 172 Hafnarfirði opnunartímann sinn til að koma til móts við ungt fólk sem þurfti skjól/hvöld frá
 173 heimilum sínum á þeim tíma.

174 Annað nærtækt dæmi frá Hamrinum í Hafnarfirði um hlutverk ungmennahúsa er að hann og
 175 Bergið Headspace eru í samstarfi og er ráðgjafi frá þeim staddur í Hamrinum alla mánudaga
 176 og þjónustar þannig ungmenni í sínu nærumhverfi. Þetta samstarf er að koma virkilega vel út
 177 og er til fyrirmyndar fyrir önnur sveitarfélög.

178 Minna þarf á að börn eru skilgreind sem börn til 18 ára aldurs eins og kemur skýrt fram í
 179 Farsældarlögunum en eftir að grunnskóla lýkur þá losnar um ýmsa eftirfylgni foreldra og
 180 grunnskóla og stöðugleiki í lífi ungs fólks getur raskast. Brottfall úr framhaldsskóla á Íslandi er
 181 með því hæsta sem gerist á Norðurlöndunum. Þá mælist kvíði á meðal ungmenna mjög mikill
 182 og vanlíðan þessa hóps eykst. Á Norðurlöndunum eru rekin ungmennahús í nær öllum
 183 sveitarfélögum en ekki hérlendis. Ungmennahús gætu komið til móts við þennan vanda með
 184 að bjóða upp á hópastarf, klúbbastarf, ráðgjöf, öryggi, og tækifæri á að mynda félagsleg
 185 tengsl við aðra jafnaldra sína en einmanaleiki meðal ungs fólks mælist einnig hár hérlendis,
 186 sem leiðir svo til ýmissa annarra vandamála eins og rannsóknir sýna. Þau ungmennahús sem
 187 eru starfandi á landinu sýna það og sanna að þörfin er til staðar og henni þarf að mæta, með
 188 faglegu og metnaðarfullu starfi.

189 Ungmennahús eru fyrir öll ungmenni á aldrinum 16 til 25 ára en sérstaklega skal beina
 190 sjónum að ungu fólki í viðkvæmri stöðu og það getur átt við um öll ungmenni á þessu
 191 æviskeiði. Þá eru ungmennahús ekki síður fyrir fötluð ungmenni en ungmennahús hafa
 192 gjarnan verið með skipulagt hópastarf fyrir þá einstaklinga. Sama má segja um ungmenni af
 193 erlendum uppruna en mikilvægt er að skapa vettvang fyrir þá einstaklinga til að hitta aðra á
 194 sama aldri en einangrast ekki.

195 Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur mikilvægt að fjárfesta í ungmennum þessa lands og
 196 sporna gegn áhættuhegðun þessa viðkvæma aldurshóps, 16 til 25 ára. Rannsóknir hafa sýnt
 197 að skipulagt tómstundastarf hefur mikið forvarnargildi og hjálpi einstaklingum að verja
 198 frítíma sínum á jákvæðan og uppbyggilegan máta.

199 Ályktun um útlendingamál

200 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 leggur
 201 áherslu á mikilvægi þess að öll stjórnsýsla sé vönduð er varðar málefni umsækjenda um
 202 alþjóðlega vernd, flóttafólks og innflytjenda. Allar lagabreytingar í málaflokknum þarf að
 203 vanda vel og vinna í tengslum við móttöku og inngildinguna innflytjenda í samfélagið.

204 Landsfundurinn fagnar vandaðri vinnu við gerð fyrstu heildarstefnumótunar í málefnum
 205 innflytjenda sem félagsmálaráðherra setti af stað í ársbyrjun, og undirstrikar að sú
 206 stefnumótun skuli vera lögð til grundvallar öllum lagabreytingum í málaflokknum.

207 Leggst landsfundurinn eindregið gegn frumvarpi dómsmálaráðherra til breytinga á lögum um
 208 útlendinga sem lagt hefur verið ítrekað fram á Alþingi. Jafnframt fordæmir landsfundurinn þá
 209 útlendingaandúð sem hefur verið viðhöfð í tengslum við umræðu um frumvarpið. Er það
 210 sérstaklega alvarlegt þegar kjörnir fulltrúar nýta sér valdastöðu sína til að dreifa röngum
 211 upplýsingum og gróusögum um málaflokkinn. Öll samfélagsumræða um jaðarsetta og
 212 viðkvæma hópa, ekki síst fólk á flóttu, verður að byggja staðreyndum og virðingu.

213 *Gerður Gestsdóttir Valgerðardóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Daníel E. Arnarson, Torfi*
 214 *Stefán Jónsson, Hólmfríður Árnadóttir, Álfhildur Leifsdóttir og framkvæmdastjórn UVG*

215 **Ályktun um vindorkuvirkjanir**

216 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 hafnar
 217 gylliboðum erlendra orkurisa og innlendra milliliða þeirra um byggingu vindorkuvirkjana
 218 hringinn í kringum landið. Mikilvægt er að stjórnvöld komi í veg fyrir að auðlindagjald af
 219 vindorkuvirkjunum verði greitt sérstaklega til landeigenda og sveitarfélaga þar sem hætta er
 220 á að þau láti glepjust á kostnað íslenskrar náttúru. Slíkar hugmyndir stórauka hættuna á að
 221 vindorkuvirkjanir verði settar upp þar sem þær eiga alls ekki heima. Ef reisa á
 222 vindorkuvirkjanir í landinu skulu þau lúta lögum um rammaáætlun og auðlindagjöld af þeim
 223 renna í sameiginlega sjóði landsmanna. Raforkukerfið á Íslandi á að vera í opinberri eigu og
 224 setja þarf stefnu um að innlend orkuskipti hafi forgang umfram t.d. útflutning á rafeldsneyti.

225 *Helgi Hlynur Ásgrímsson, Borgarfirði eystri*

226 **Ályktun um mat á samfélagsáhrifum virkjana í byggð við Þjórsá**

227 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 fer fram á
 228 að gert verði ítarlegt mat á samfélagsáhrifum Hvammsvirkjunar. Landsfundurinn skorar á
 229 ráðherra og þingflokk Vinstri grænna að beita sér fyrir því að ráðist verði í þetta faglega mat,
 230 eins og kveðið er á um í nefndaráliti meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.
 231 Ekki verði lengra haldið með áform um framkvæmdir fyrr en þetta mat á samfélagsáhrifum
 232 liggur fyrir.

233 Í nefndaráliti meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis með þingsályktun um
 234 þriðja áfanga rammaáætlunar kemur fram að meta þurfi samfélagsleg áhrif allra þriggja
 235 Þjórsárvirkjananna sem áformaðar eru í byggð. Þessum vilja Alþingis þarf að fylgja eftir. Vilji
 236 þingsins um mat á samfélagsáhrifum tekur til Hvammsvirkjunar, ekki síður
 237 Urriðafossvirkjunar og Holtavirkjunar sem eru í biðflokki, en Hvammsvirkjun var ein tekin út
 238 úr eðlilegu ferli og sett í nýtingarflokk árið 2015. Mat á samfélagsáhrifum þarf að taka
 239 sérstaklega til hins mikla samfélagslega tjóns sem aðferðir Landsvirkjunar í samningaferlinu
 240 leiddu af sér í brothættri byggð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og raunar á miklu stærra svæði,
 241 þar sem ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein.

242 *Sigprúður Jónsdóttir, Pálína Axelsdóttir Njarðvík, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Hólmfríður*
 243 *Árnadóttir, Almar Sigurðsson, Sigurður Torfi Sigurðsson og Björg Eva Erlendsdóttir*

244 *Greinargerð: Komið hefur í ljós að margt var ámælisvert í aðferðum Landsvirkjunar í*
 245 *samningaferli við landeigendur, sem og í kynningum til almennings á þeirri framkvæmd sem*
 246 *fyrirtækið boðaði. Mjög alvarleg var meðferð Landsvirkjunar á vatnsréttindum, sem voru í*
 247 *eigu ríkisins, en Landsvirkjun sagðist eiga. Einnig var alvarlegt að Landsvirkjun, blekkti Alþingi*

248 og ríkisstjórn með því að halda til baka réttum upplýsingum um búsvæði laxa á svæðinu fyrir
 249 ofan Búðafoss, en þögn Landsvirkjunar um búsvæðin hafði grundvallaráhrif á lyktir máls, þar
 250 sem miklir fjármunir voru undir og réttindi fólks og lífríkis sömuleiðis. Virkjanirnar voru af
 251 hálfu fyrirtækisins ítrekað kynntar í fjölmiðlum sem rennslisvirkjanir, án inntakslóna, sem gaf
 252 almenningi ranga mynd af því sem fram undan er. Lón Hvammsvirkjunar nær yfir svæði sem
 253 er stærra en Seltjarnarnes og gamli Vesturbær Reykjavíkur, samanlagt.

254 Ályktun um svæði sem skal vernda

255 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 vill að
 256 virkjunarhugmyndinni Kjalölduveitu og fjórum virkjunarhugmyndum í Héraðsvötnum verði
 257 komið aftur í verndarflokk rammaáætlunar án tafar.

258 Landsfundurinn sættir sig ekki við afgreiðslu Alþingis á þingsályktun þriðja áfanga
 259 rammaáætlunar að setja í biðflokk svæði sem verkefnisstjórn rammaáætlunar mat í
 260 verndarflokk. Fundurinn vill að bæði Þjórsárver (Kjalalda) og Héraðsvötn verði friðlýst gegn
 261 orkuvinnslu á grundvelli samþykks verndarflokks áætlunarinnar. Það er stefna Vinstri
 262 grænna að hálendið verði friðlýstur þjóðgarður og að náttúran njóti vafans.

263 *Sigprúður Jónsdóttir, Pálína Axelsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Sigurður Torfi Sigurðsson,*
 264 *Björg Eva Erlendsdóttir og Hólmfríður Árnadóttir*

265 Ályktun um ályktanir

266 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 ályktar að
 267 stefna beri að því að fækka ályktunum í starfi hreyfingarinnar og þá sérstaklega á
 268 landsfundum.

269 *Stefán Pálsson, Reykjavík*

270 Ályktun um Palestínu

271 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 17. – 19. mars 2023 krefst
 272 þess að íslensk stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til að knýja á um afnám
 273 hernámsins í Palestínu, að mannréttindi og alþjóðalög verði virt þar sem annars staðar og
 274 fylgi eftir samþykktum og skuldbindingum um frjálsa, sjálfstæða og fullvalda Palestínu.

275 Stjórn VG

276 **Greinargerð:** Palestínska þjóðin hefur nú mátt búa við hernám, þjóðernishreinsun og
 277 aðskilnaðarstefnu í 75 ár. Friðarsamkomulag sem gert var árið 1993 milli Palestínu og
 278 Ísraels og kennt var við Ósló hefur verið virt að vettugi enda hafa fyrir löngu komist til
 279 valda stjórnsmálaöfl í Ísrael sem höfnuðu samkomulaginu alfarið og rétti palestínsku
 280 þjóðarinnar til sjálfstæðis og fullveldis. Öll þessi ár hefur landránið farið vaxandi, innilokun
 281 íbúanna orðið meiri, börn jafnt sem fullorðnir verið drepin og heimili fólks eyðilögð. Brot
 282 Ísraels á alþjóðalögum og stríðsglæpir eru daglegt brauð fyrir palestínska íbúa landsins. Á
 283 síðasta ári og það sem af er þessa árs hafa árásir Ísraelshers og landræningja náð hámarki
 284 þannig að ekki hafa fleiri Palestínumenn verið myrtir í nærri tvo áratugi. Alþingi Íslendinga
 285 hefur löngum virt rétt palestínsku þjóðarinnar til frelsis, réttlætis og mannréttinda. Þann
 286 29. nóvember 2011 samþykkti Alþingi mótatkvæðalaust ályktun um að viðurkenna
 287 sjálfstæði Palestínu innan landamæranna frá 1967 og minnti á rétt flóttafólks til að snúa
 288 heim aftur. Þann 15. desember sama ár staðfesti þáverandi utanríkisráðherra
 289 stjórnsmálasamband þjóðanna og varð Ísland fyrst vestrænna ríkja til þess að viðurkenna

290 sjálfstæði Palestínu. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland um langa hríð verið í
 291 hópi stórs meirihluta aðildarríkja sem fordæmt hafa hernámið og mannréttindabrot
 292 Ísraels gagnvart palestínsku íbúunum. Svo virðist sem breyting hafi orðið á í þessum efnum
 293 í tíð núverandi ríkisstjórnar. Í vetur þegar stór meirihluti hjá Sameinuðu þjóðunum
 294 samþykkti að vísa hernámi Ísraels í Palestínu til skoðunar hjá Alþjóðadómstólnum í Haag
 295 þá var Ísland í hópi þeirra sem sátu hjá. Sú afstaða endurspeglar ekki samþykktir Alþingis
 296 og kallar á að utanríkisráðherra sem og önnur stjórnvöld beiti sér í þágu Palestínu á
 297 alþjóðavettvangi með skýrum og afgerandi hætti.

298 Ályktun um svæðisborgina Akureyri

299 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn á Akureyri dagana 17. – 19.
 300 mars 2023, fagnar framkomnum tillögum starfshóps um svæðisbundið hlutverk Akureyrar
 301 sem þéttbýliskjarna á landsbyggðinni. Þær kveða á um að Akureyri verði í byggðastefnu
 302 stjórnvalda flokkuð sem svæðisborg með skilgreinda ábyrgð og skyldur sem þjóni íbúum og
 303 atvinnulífi í landshlutanum og eftir atvikum á landsvísu. Fundurinn hvetur þingmenn
 304 hreyfingarinnar til að leggjast á árarar um að styrkja innviði á borð við samgöngur,
 305 heilbrigðisþjónustu, menningarstarfsemi og menntakerfi á Akureyri til þess að fólk á Norður-
 306 og Austurlandi og eftir atvikum víðar geti sótt þangað þá þjónustu sem ekki er hægt að halda
 307 úti um allt land. Með því móti geta svæði utan höfuðborgarsvæðisins vaxið og dafnað með
 308 eðlilegum hætti og dregið úr því ójafnvægi sem orðið hefur í þróun byggðar á Íslandi.

309 Stjórn VG

310 Stjórn málaályktun landsfundar

311 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Akureyri dagana 17. – 19.
 312 mars 2023, fagnar þeim málefnalega árangri sem hreyfingin hefur náð fram í ríkisstjórn
 313 undanfarin ár. Nægir þar að nefna:

- 314 • þrepaskipt tekjuskattskerfi tekið upp;
- 315 • fæðingarorlof lengt úr níu mánuðum í tólf með skýrum reglum um skiptingu milli
- 316 foreldra;
- 317 • styttingu vinnuvikunnar;
- 318 • lægri kostnaðarpátttöku sjúklinga;
- 319 • ný hlutdeildarlán fyrir þau sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð;
- 320 • dregið úr skerðingum á greiðslum til öryrkja og tvöfaldað frítekjumark vegna
- 321 atvinnutekna;
- 322 • tekinn upp félagslegur viðbótarstuðningur við aldraða;
- 323 • barnabætur hækkaðar og kerfinu breytt þannig að mun fleiri fjölskyldur fá nú
- 324 barnabætur;
- 325 • húsnæðisstuðningur hækkaður um fjórðung
- 326 • stuðningskerfi við börn endurskoðuð frá grunni til að tryggja farsælt samstarf
- 327 ólíkra stofnana ríkis og sveitarfélaga í þágu barna;
- 328 • aukna fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun og aukinn stuðning við
- 329 menntakerfið;
- 330 • byggingu nýs Landspítala;
- 331 • eflingu heilsugæslunnar um allt land;
- 332 • stórsókn í geðheilbrigðismálum;
- 333 • fullfjármagnaða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum;

- 334 • lögfesting markmiðs um kolefnishlutleysi, eitt fárra ríkja heims;
- 335 • stefna um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum;
- 336 • aldrei fleiri friðlýsingar náttúruminja;
- 337 • ný framsækin úrgangslöggjöf sem samræmir og skyldar flokkun sorps;
- 338 • ný lög um kynrænt sjálfræði;
- 339 • ný jafnréttislög;
- 340 • mikilvæg skref stigin við innleiðingu hringrásarhagkerfisins, m.a. bann við
- 341 markaðssetningu óþarfa einnota plasts;
- 342 • aðgerðaáætlun um að sporna gegn matarsóun
- 343 • ný lög um þungunarrof;
- 344 • fyrstu aðgerðaáætlunina í málefnum hinsegin fólks;
- 345 • lög gegn mismunun innan og utan vinnumarkaðar;
- 346 • bættu réttarstöðu brotþola;
- 347 • ný lagaákvæði um umsáturseinelti og kynferðislega friðhelgi;
- 348 • ný lög um sorgarleyfi í kjölfar barnsmíssis;
- 349 • lög um vernd uppljóstrara

350 *Sátt um orkuuppbyggingu*

351 Fundurinn áréttar mikilvægi þess að stjórnvöld móti stefnu um nýtingu vindorku sem byggir
 352 á breiðri sátt, virðingu fyrir viðkvæmri náttúru og samfélagslegum áhrifum og sem kveði á
 353 um gjaldtöku af þessari sameiginlegu auðlind þjóðarinnar. Mikilvægt er að arður af þessari
 354 auðlind renni í sameiginlega sjóði þjóðarinnar eins og önnur auðlindagjöld. Vindorkuver eiga
 355 að falla undir lög um rammaáætlun og brýnt að ekki verði ráðist í uppbyggingu vindorkuvera,
 356 annarra en þeirra tveggja sem þegar eru í nýtingarflokki rammaáætlunar, fyrr en stefna um
 357 nýtingu vindorku liggur fyrir. Þá þarf að tryggja að öll viðbótarorka sem kann að verða
 358 framleidd renni til innlendra orkuskipta. Leggja skal áherslu á að opinber orkufyrirtæki á borð
 359 við Landsvirkjun njóti forgangs þegar kemur að nýtingu orkuauðlinda okkar. Tryggja þarf
 360 afhendingaröryggi sem og neytendavernd til að koma í veg fyrir hækkun raforkuverðs til
 361 almennra neytenda og smærri og meðalstórra innlendra fyrirtækja.

362 *Aðgerðir gegn loftslagsvá*

363 Fundurinn brýnir stjórnvöld í baráttunni gegn loftslagsvánni, þar sem orkuskipti gegna
 364 mikilvægu hlutverki en nægja ekki ein og sér til að Ísland nái metnaðarfullum markmiðum
 365 sínum um kolefnishlutleysi eigi síðar en 2040 og 55% samdrátt í losun á eigin ábyrgð fyrir
 366 2030. Ísland á að vera leiðandi í baráttunni, innleiða hringrásarhagkerfi, breyttar neyslu- og
 367 ferðavenjur og sækja fram í kolefnisbindingu, með náttúrulegum lausnum sem og með að
 368 styðja við hraða tækniþróun lausna við föngun og förgun koltvísýrings á landi og sjó.
 369 Fundurinn lýsir yfir ánægju með samvinnu stjórnvalda og atvinnulífsins um að setja markmið
 370 um samdrátt í losun í hverri atvinnugrein fyrir sig og minnir á nauðsyn þess að allar aðgerðir í
 371 baráttunni miði að réttlátum umskiptum og félagslegu réttlæti. Fundurinn ítrekar mikilvægi
 372 þess að banna olíuleit og olíuvinnslu í íslenskri efnahagslögsögu sem allra fyrst.

373 *Þjóðgarður*

374 Fundurinn fagnar samkomulagi um „30x30 markmiðin“ sem snýst um að vernda 30% af landi
 375 og 30% af hafi fyrir árið 2030 og áréttar að tapi í tegundafjölbreytni í lífríkinu verður ekki

376 snúið við nema með samstilltu átaki allra þjóða. Þá hvetur fundurinn til þess að umhverfis-
 377 orku og loftslagsráðherra hraði vinnu við þjóðgarð sem fjallað er ítarlega um í
 378 stjórnarsáttmála og frumvarp þess efnis komi fram á næsta þingi.

379 *Aðgerðir gegn verðbólgu*

380 Fundurinn hvetur til skýrra aðgerða gegn verðbólgu, verðlagseftirlit verði aukið og komandi
 381 fjármálaáætlun endurspegli skýr áform um að tekið verði á verðbólgu. Fundurinn fagnar
 382 áherslum sem birtust í stuðningsaðgerðum ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á
 383 almennum vinnumarkaði í desember sl. og endurspeglar áherslur sem birtust í stuðningi
 384 stjórnvalda vegna aukinnar verðbólgu sl. sumar og í fjárlögum þessa árs og styðja við lífskjör
 385 lág- og millitekjufólks, barnafjölskyldur og verja viðkvæmustu hópa samfélagsins. Á tímum
 386 verðbólgu er mikilvægt að stjórnvöld efla neytendavernd og verðlagseftirlit eins og
 387 Neytendasamtökin hafa hvatt til. Setja þarf skorður við fákeppni og óhóflegum arðgreiðslum
 388 verslunar og banka. Fundurinn hvetur stjórnvöld til að fylgja fordæmi Norðurlandþjóða og
 389 láta fara fram rannsókn á hækkun matvælavæðs og annarra brýnna nauðsynja heimilanna
 390 svo sem olíu- og bensínverði.

391 *Betri barnabætur og félagslegar lausnir á húsnæðismarkaði*

392 Fundurinn fagnar sérstaklega breytingum á húsnæðis- og barnabótakerfum sem kynntar
 393 voru í tengslum við kjarasamninga og efla bæði kerfin til muna með hærri greiðslum og minni
 394 skerðingum auk þess sem barnabætur munu ná til meira en 3000 fleiri fjölskyldna en áður.
 395 Þá eru markvissar aðgerðir í húsnæðismálum mikilvægar, með uppbyggingu í almenna
 396 íbúðarkerfinu í gegnum aukin stofnframlög, og ekki síður sú langtímasýn sem birtist í gerð
 397 fyrsta rammasamkomulagsins í húsnæðismálum á milli ríkis og sveitarfélaga sem kveður á
 398 um byggingu meira en 30.000 íbúða á næstu árum. Aukið framboð íbúða fyrir alla tekjuhópa
 399 er forsenda þess að hægt sé að tryggja meiri jöfnuð og öryggi fólks í húsnæðismálum.

400 *Betri leigumarkaður*

401 Fundurinn lýsir yfir ánægju með skref sem tekin voru til að bæta réttarstöðu og
 402 húsnæðisöryggi leigjenda á Alþingi fyrir jól en ítrekar afstöðu sína að ganga verði lengra í að
 403 tryggja öryggi og stöðu leigjenda, en nauðsyn þess sást skýrt í nýlegri umræðu um gífurlegar
 404 hækkanir Ölmú leigufélags og ljóst er að það er ekki eina leigufélagið sem fer fram með
 405 óverjanlegum hætti gagnvart lífskjörum og stöðu fólks á leigumarkaði. Á þessu þarf að taka
 406 og fundurinn hvetur til þess að settar verði skýrari lagareglur um leigumarkaðinn þar sem
 407 verði meðal annars kveðið á um bremsu á hækkun leiguverðs. Vinstrihreyfingin-grænt
 408 framboð styður baráttu þeirra sem berjast fyrir bættum kjörum, ekki síst þeirra sem vilja
 409 hækka lægstu launin í samfélaginu en ítrekar um leið að best er að vinnudeilur leysist við
 410 samningaborðið.

411 *Bætt kjör öryrkja*

412 Fundurinn lýsir yfir stuðningi við vinnu félags- og vinnumarkaðsráðherra í endurskoðun á
 413 þjónustu og afkomutryggingarkerfi endurhæfingar- og örorkulífeyrisþega og fagnar skrefi
 414 sem þegar hefur verið tekið með tvöföldun frítekjumarks sem ekki hafði verið hækkað frá
 415 2009. Það er fagnaðarefni að loks hreyfist þessi mál áfram eftir áratugalanga kyrrstöðu sem
 416 bitnað hefur á lífskjörum örorkulífeyrisþega. Þá fagnar fundurinn mikilvægri vinnu við mótun

417 heildstæðrar stefnu um bættu þjónustu við eldra fólk og telur mikilvægt að ljúka henni sem
418 fyrst.

419 *Almannaþjónustan*

420 Almannaþjónustan hefur aldrei verið mikilvægari og brýnt er að haldið verði áfram að efla
421 hið opinbera heilbrigðiskerfi, stytta biðlista eftir nauðsynlegri lækniþjónustu og draga úr
422 kostnaði sjúklinga. Áfram þarf að styrkja heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í
423 heilbrigðiskerfinu. Mönnun í kerfinu verður eitt stærsta viðfangsefni komandi ára og þar þarf
424 að tryggja samvinnu menntakerfisins- og heilbrigðiskerfisins. Hraða þarf innleiðingu
425 farsældarlaganna og tryggja þannig hag allra barna í íslensku samfélagi.

426 *Aukin framlög til háskóla*

427 Fundurinn hvetur ríkisstjórnina og Alþingi til að auka fjárframlög til háskóla en ljóst má vera
428 að íslenskir háskólar eru enn vanfjármagnaðir í alþjóðlegu samhengi. Það birtist til að mynda
429 í of fáum fastráðnum kennurum, reiknilíkani sem tekur ekki mið af kröfum samtímans og
430 ónógu rannsóknafé inni í háskólunum. Háskólarnir eru undirstöðustofnanir í
431 þekkingarsamfélagi og á sama tíma og vel hefur tekist til með að styðja við samkeppnissjóði í
432 rannsóknum og nýsköpun og stuðningur við atvinnulífið á þessu sviði hefur verið stórauðinn
433 þarf að huga að undirstöðunum. Sérstaklega þarf að styrkja stöðu Háskóla Íslands sem hefur
434 breiðari skyldum að gegna en aðrir skólar gagnvart fjölbreyttum rannsóknum og kennslu.

435 *Íslenskukennsla*

436 Fundurinn fagnar að málefni íslenskrar tungu séu tekin föstum tókum með stofnun
437 ráðherranefndar um íslensku. Áframhaldandi stuðningur við þróun máltækni og að við
438 getum talað við tækin okkar á íslensku er lykilþáttur í vernd tungumálsins. Þá er nauðsynlegt
439 að auka aðgang innflytjenda að íslenskukennslu, á kostnað atvinnurekenda og á vinnutíma.
440 Fundurinn ítrekar einnig mikilvægi þess að þau börn sem hingað koma fái ekki eingöngu
441 íslenskukennslu heldur einnig móðurmálskennslu þar sem því verður við komið. Fundurinn
442 brýnir bæði hið opinbera og atvinnulífið til að sinna þessum málum af ábyrgð og að gefa
443 innflytjendum raunveruleg tækifæri til að nýta menntun og reynslu sína þegar ráðið er í
444 störf. Íslenskt samfélag fer á mis við að njóta hæfileika fólks sem hingað flytur til fulls eins og
445 sést á tölum um menntun og atvinnuþátttöku innflytjenda. Hlutfall innflytjenda með
446 háskólapróf er talið vera 40% eða hærra en á sama tíma er talið að um 45% erlendra kvenna
447 sinni störfum þar sem menntun þeirra nýtist þeim ekki að fullu.

448 *Málefni innflytjenda*

449 Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi heildstefnumótunar í málefnum innflytjenda og áréttar
450 að nýsamþykkt útlendingafrumvarp hvorki breytir né má tefja þá vinnu. Finna þarf leiðir fyrir
451 þau sem hingað flytja til að taka fullan þátt í samfélaginu og tækifæri til að blómstra á eigin
452 forsendum. Þá fagnar fundurinn tillögum um lagabreytingar sem auka tækifæri fólks sem býr
453 utan EES-svæðisins til að flytjast til Íslands með því að rýmka reglur um dvalarleyfi á
454 grundvelli atvinnuþátttöku fyrir þann hóp. Fundurinn lýsir ánægju með að þjónusta við fólk
455 með alþjóðlega vernd heyri nú undir félagsmálaráðuneytið og telur ýmis jákvæð skref hafa
456 verið stigin, til dæmis með einni móttökumiðstöð. Ljóst er að halda þarf áfram að
457 endurskoða kerfið og tryggja að það standi betur undir auknum fjölda fólks á flóttu.

458 *Samskipti ríkis og sveitarfélaga*

459 Miklu skiptir að koma fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga í farsælan farveg og
 460 þörf er á heildarendurskoðun á fyrirkomulagi þeirra, þar með talið Jöfnunarsjóði og
 461 tekjustofnum. Ljúka þarf fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
 462 og fundurinn fagnar fyrirætlunum um sjálfstæða Mannréttindastofnun.

463 *Fjölmiðlar og upplýsingar*

464 Þá ítrekar fundurinn mikilvægi öflugs almannaútlarps á tímum aukinnar skautunar í
 465 opinberri umræðu. Ríkisútvarpið hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að tryggja upplýsta
 466 umræðu. Hins vegar er ástæða til að lýsa yfir áhyggjum af bágri rekstrarstöðu einkarekinna
 467 fjölmiðla og mikilvægt að sátt skapist um framtíðarstuðning hins opinbera við þá. Fundurinn
 468 ítrekar mikilvægi þess að opinberir aðilar hafi gagnsæi að leiðarljósi í vinnubrögðum sínum
 469 og telur að það eigi ekki eingöngu við um framkvæmdavaldið heldur einnig
 470 löggjafarsamkunduna. Mörg góð skref voru stigin í þá átt á síðasta kjörtímabili en deilur um
 471 birtingu gagna grafa undan trausti og trúverðugleika þingsins.

472 *Veiðigjöld*

473 Fundurinn telur stefnumótun matvælaráðherra undir formerkjum Auðlindarinnar okkar vera
 474 stærstu skref í átt að aukinni sátt um sjávarútveg í langan tíma. Fundurinn hvetur
 475 matvælaráðherra til að halda áfram að byggja stefnumótun á grundvelli sjónarmiða
 476 sjálfbærrar þróunar, vísinda og þekkingar. Þannig sé best komið til móts við þá djúpstæðu
 477 tilfinningu um óréttlæti sem ríkt hefur um fiskveiðistjórnun Íslendinga um áratugaskeið.
 478 Fundurinn ítrekar að svigrúm er til að hækka veiðigjöld á stærstu útgerðirnar miðað við þær
 479 ríkulegu arðgreiðslur sem þær greiða sér vegna nýtingar sameiginlegrar auðlindar.

480 *Umbætur í fiskeldi*

481 Fundurinn brýnir stjórnvöld til að vinna gagnngerar og heildstæðar umbætur í fiskeldismálum
 482 og styrkja rannsóknir og eftirlit í greininni. Fundurinn lýsir ánægju með ákvörðun
 483 matvælaráðherra að óska eftir skýrslum Ríkisendurskoðunar og ráðgjafafyrirtækisins Boston
 484 Consulting Group og nýta þær til þess að kafa ofan í stöðu málaflokksins og búa til grundvöll
 485 til að ráðast í nauðsynlegar úrbætur og móta stefnu og byggja þannig upp atvinnugrein sem
 486 rekin er á grundvelli sjálfbærni – í sátt við umhverfi, samfélag og efnahag. Hluti af þeirri sátt
 487 hlýtur að vera að aukinn hluti af arði fiskeldisfyrirtækjanna renni til almennings í formi
 488 auðlindagjalda.

489 *Öflug matvælaframleiðsla*

490 Fundurinn fagnar áherslum matvælaráðherra um eflingu fjölbreyttrar matvælaframleiðslu, til
 491 dæmis þegar kemur að kornrækt en aðgerðaráætlun um aukna kornrækt hefur verið kynnt.
 492 Draga þarf úr losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði og stuðningskerfi þurfa að styðja við
 493 árangur á því sviði. Fundurinn áréttar mikilvægi markvissra aðgerða í landgræðslu og
 494 skógrækt, sem eru forsenda þess að við náum markmiðum okkar í loftslagsmálum. Öflug
 495 matvælaframleiðsla á Íslandi er grundvallaratriði til að tryggja matvælaöryggi og fæðuöryggi.

496

Stjórn VG